

## Utkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

*Hafnarreglugjörð fyrir Seyðisfjarðarkaupstað*, undirrituð af ráðgjafanum fyrir Ísland 25. febrúar 1897 (A nr. 2, bls. 8—11).

*Opið brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1897*, undirskrifað af konungi 27. febrúar 1897 (A. nr. 3, bls. 12—13).

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu út af greiðslu hallærisláns Engihlíðarhrepps úr sýslusjóði Húnavatnssýslu.** Í þóknanlegu **43** brjefi, dagsettu 17. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi umsögn yðar um **26. marz** erindi hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu frá 30. desbr. f. á., þar sem hún áfryjar til mín úrskurði amtsráðsins í Norðuramtinu um endurborgun á 63 kr. 14 a., sem Vindhælishreppur hafi orðið að greiða af hallærislánum Engihlíðarhrepps í umgetinni sýslu.

Málavextir eru, eins og tekið er fram í áðurnefndu brjefi yðar: A fundi 4. janúar 1890 ákvað sýslunefndin í Húnavatnssýslu að styrkja Engihlíðarhrepp með því að greiða fyrir hann 587 kr. 12 a. af hallærislánum hreppsins og jafna upphæðinni á alla hreppa sýslunnar sem sýslusjóðsgjaldi. En við það fór sýslusjóðsgjaldið fram úr því, er sýslunefndin mátti jafna niður, án samþykkis amtsráðsins, en amtsráðið samþykkti niðurlöfnun þessa á fundi 16.—18. júní 1890. Síðan var áðursögð upphæð, 587 kr. 12 a., innheimt mótmælalaust sem sýslusjóðsgjald.

Með brjefi dagsettu 12. febrúar 1895 fór hreppsnefnd Vindhælishrepps þess á leit við sýslunefndina í áðurnefndri sýslu, að hún hlutaðist til um það, að sveitarsjóður Engihlíðarhrepps endurborgaði þann hluta af optnefndri upphæð, kr. 587.12, er við niðurlöfnunina hefði lent á Vindhælishreppi, og taldi hreppsnefndin þenna hluta 63 kr. 14 a. Sýslunefndin úrskurðaði svo á fundi sínum 18. marz 1895, að þetta erindi hreppsnefndarinnar skyldi eigi tekið til greina, með því að áðurnefndar kr. 587,12 hefðu verið veittar Engihlíðarhreppi sem óapturkallanlegur styrkur. Þessum úrskurði sýslunefndarinnar skaut hreppsnefndin í Vindhælishreppi svo til amtsráðsins í Norðuramtinu, en amtsráðið lýsti því á fundi sínum 9.—11. júní f. á., að það gæti eigi sjeð, að Vindhælishreppur geti nú krafizt borgunar á hinum umræddu kr. 63.14, með því að allri upphæðinni 587 kr. 12 a. hafi verið jafnað á hreppa sýslunnar sem öðru sýslusjóðsgjaldi.

Þjer hafið tekið það fram, að þegar styrkurinn var veittur, hafi hvorki verið minnzt á það, að Engihlíðarhreppur borgaði hann aptur nje að aðrir hreppar gætu heimtað aptur hið niðurlöfnunargjald, og þótt svo væri, að Engihlíðarhreppur hefði átt að endurgreiða styrkinn, þá virtist það eigi geta haft nokkurn stað, að hver hreppur geti heimtað út úr sýslusjóðnum þann hluta, er jafnað var niður á hreppinn; sýslusjóðsgjaldinu 1890 hafi verið jafnað niður á löglegan hátt,

10. dag aprilmán. 1897.

**43** og virðist enginn hreppur hafa neinn rjett til að heimta neitt af því aptur af 26. marz. sýslusjóði.

Með því að jeg verð að vera yður með öllu samdóma um það, sem þjer hafð tekið fram í þessu efni, getur krafa hreppsnefndarinnar í Vindhælishreppi um endurborgun á optnefndum kr. 63,14 eigi orðið tekin til greina.

Svo get jeg verið yður samdóma um það, að það sje álitamál, hvort það á sínum tíma hafi verið rjett af sýslunefndinni í Húnavatnssýslu að veita hinn umrædda styrk sem gjöf, en að, eins og komið er, hljóti við svo búíð að standa.

**44** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjuörð (Kviabekks- 13. marz. kirkju).—Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 10. desember f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt allraþegnsamlegustum tilmælum mínum, 11. þ. m., allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til þess að selja megí undan Kviabekksprestakalli jörðina Birnunes í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, fyrir 2025 krónur, er varðveitast fyrir prestakallið á þann hátt, er stipsyfirvöldin telja tryggilegan, og með því skilyrði að eptirleiðis verði farið með hna umgetnu jörð sem aðrar bænda eignir að því er suertir alla skatta og skyldur.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

**45** Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjuörð (Saurbæj- 13. marz arprestakalls).—Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 4. nóvember f. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnsamlegustum tilmælum mínum 11. þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki til að selja megí undan Saurbæjarprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi kirkjujörðina Mela ásamt hjáleigunni Melaleiti fyrir 2400 krónur, og greiðist 400 kr. af þeirri upphæð, þegar er kaupin gjörast, en hinar eptirstandandi 2000 kr. afborgist með 6% árlega í 28 ár, þannig, að sjálf eignin standi að veði með 1. veðrjetti fyrir þeim hluta kaupverðsins, er ógreiddur er á hverjum tíma og með því skilyrði, að kaupverðið, jafnóðum og það er greitt, sje sett á vöxtu í söfnunarsjóð Íslands til ágóða fyrir prestakallið á sama hátt og vant er með þess kyns upphæðir, og með því ákvæði að  $\frac{1}{10}$  vaxtanna sje árlega lagður við höfudstólinn, unz hann er orðinn 4000 kr., en úr því aðeins  $\frac{1}{20}$  vaxtanna, og loks, að eptirleiðis sje farið með nefnda jörð og hjáleigu sem aðra bænda eign að því er snertir alla skatta og skyldur.

Þetta undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.